

Miðvikudaginn 13. nóvember 1974.

Nr. 123/1973: **Jón Einar Haraldsson**
Jón Ásberg Salómonsson og
Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f
 (Benedikt Blöndal hrl.).
 gegn
Gísla Salómonssyni
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
 varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 23. ágúst 1973. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Afrýjandinn Jón Ásberg Salómonsson varð fjárráða eftir uppsögu héraðsdóms og hefur því sjálfur tekið við forræði málsins hér fyrir dómi.

Með dómssátt, gerðri fyrir aukadómi Þingeyjarsýslu 2. maí 1973, féllst afrýjandinn Jón Einar á að greiða kr. 1.500.00 sekt í ríkissjóð vegna ökuslyss þess, sem fjallað er um í máli þessu. Taldist brot hans varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að afrýjendur beri óskipt fébótaábyrgð á tjóni stefnda, sbr. 1. og 3. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1970.

Dómkröfur stefnda í héraði sundurliðast þannig:

1. Bætur fyrir atvinnutjón kr. 180.635.00

÷ greiðsla frá Trygginga-

stofnun ríkisins	kr. 23.800.00	kr. 156.835.00
2. Miskabætur	—	150.000.00

Kr. 306.835.00

Um 1. Það er viðurkennt í málinu, að stefndi hafi verið þrjá mánuði frá störfum vegna slyss þessa. Þykja bætur til hans af þessu efni hæfilega ákveðnar kr. 80.000.00, og hafa þá verið dregnar frá þær kr. 23.800.00, sem stefndi fékk greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins sem slysadagpeninga.

Um 2. Hæfilegt er að taka þennan lið til greina með kr. 40.000.00.

Samkvæmt þessu verður áfrýjendum óskipt dæmt að greiða stefnda kr. 120.000.00 með 7% ársvöxtum frá 11. júní 1972 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 60.000.00.

D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, Jón Einar Haraldsson, Jón Ásberg Salómonsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði óskipt stefnda, Gísli Salómonssyni, kr. 120.000.00 með 7% ársvöxtum frá 11. júní 1972 til greiðsludags og kr. 60.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum..

Dómur bæjarþings Húsavíkur 21. júní 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 21. júní, klukkan 16, var á bæjarþingi Húsavíkur, sem haldið var í dómsal embættisins í Húsavík af Sigurði Briem Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 13. þ. m.

Mál þetta hefur Gísli Salómonsson, Laugarbrekku 8, Húsavík, höfðað gegn Jóni Einari Haraldssyni, Jaðri, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og Salómon Erlendssyni f. h. ólöggráða sonar síns, Jóns Ásbergs Saló-

monssonar, Laugarbrekku 8, Húsavík, fyrir bæjarþingi Húsavíkur með utanréttarstefnu, dags. 6. apríl 1973.

Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 306.835.00 með 7% ársvöxtum frá 11. júní 1972 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í. og framlögðum reikningi.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans.

Málavextir.

Aðfaranótt 11. júní 1972 slasaðist stefnandi sem farþegi í bifreiðinni Þ 237, sem fór út af Þjóðveginum á Hólasandi í Suður-Þingeyjarsýslu og valt heila veltu.

Ökumaður bifreiðarinnar var stefndi Jón Einar Haraldsson, en farþegar í bifreiðinni voru auk stefnanda Jón Ásberg Salómonsson, eigandi bifreiðarinnar, Dögg Káradóttir, Huldulandi 5, Reykjavík, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Garðarsbraut 61, Húsavík, og Árni Sigtryggsson, Hólabraut 31, Skagaströnd.

Lögreglan í Húsavík var kvödd á vettvang, þar sem gerður var uppdráttur af vettvangi og ljósmyndir teknar af slysstað, og liggur það frammi í málinu, en mál þetta var rannsakað í sakadómi Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, sbr. dómsskjal nr. 5. Björn Halldórsson lögreglumaður gerði uppdráttinn, en Þröstur Brynjólfsson lögreglumaður, sem fór á staðinn ásamt Birni, ritaði skýrslu um atburðinn, þar sem segir:

„Undirritaður fór á staðinn ásamt lögreglumanni nr. 4, sem gerir meðfylgjandi afstöðuteikningu. Slysíð varð á Þjóðveginum milli Húsavíkur og Mývatnssveitar (Kísilveg).

Hafði bifreiðinni Þ 237 verið ekið til suðurs, og þar sem bifreiðin fór út af veginum, er hæð á veginum og víð beygja til hægri miðað við akstursstefnu, og er vegkantur allhár, en aflíðandi. Bifreiðin hafði runnið skáhallt niður vegarkantinn og lent síðan á stórum steini og oltið þá heila veltu, og stóð hún á hjólunum, er við komum að henni. Myndir voru teknar af slysstað, og fylgja þær með skýrslu þessari, einnig skýrslur teknar af ökumanni og farþegum.

Skemmdiir á bifreiðinni Þ 237 eru: Allar rúður brotnar, báðar hurðir vinstra megin lítillsháttar beyglaðar, v. afturaurhlíf mikið beygluð, ljós v. megin að aftan brotið, kistulok laust frá, höggvari að aftan boginn, hægri afturaurhlíf beygluð, þak mjög

beyglað, h. afturhurð beygluð, h. framhurð hálf rifin af og ónýtt, h. framaurhlíf beygluð, h. afturhjól brotið af (felgan brotin), vélarhúslok mikið beyglað, h. framljós brotin, loftnetsstöng brotin af, allir krómlistar ýmist brotnir af eða beyglaðir.“

Rétt þykir, áður en vikið verður að rökstuðningi aðilja fyrir kröfum sínum, að rekja í aðalatriðum skýrslu aðilja og vitna fyrir lögreglu og sakadómi á dómsskjali nr. 5, en umboðsmenn málsaðilja hafa samþykkt að taka þær gildar, eins og þær hefðu verið gefnar hér fyrir dóminum.

Stefndi Jón Einar segir í skýrslu sinni: „Ég var viðloðandi dansleik í Breiðumýri í Reykjadal í gærkveldi. Kom þá til mín Sigurður bróðir minn og biður mig að aka bifreiðinni Þ 237, þar sem eigandi hennar var búinn að neyta áfengis. Tók ég vel í þetta. Eftir dansleikinn, sem var lokið klukkan 02:00, ók ég bifreiðinni til Húsavíkur. Voru þá í bifreiðinni Jón Ásberg Salómonsson, Laugarbrekku 8, Húsavík, f. 7/9 1954, Gísli Salómonsson, Laugarbrekku 8, Húsavík, f. 17/5 1951, Dögg Káradóttir, Huldulandi 5, Reykjavík, f. 30/9 1954, og Emelía G. Harðardóttir, Laugarbrekku 7, Húsavík. Eftir að hafa ekið um bæinn var Emelíu ekið heim til hennar, en þá bættust í bifreiðina þau Árni Sigtryggsson, Hólabraut 31, Skagaströnd, A-Húnavatnssýslu, og Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Garðarsbraut 61, Húsavík, f. 19/8 1955.

Ókum við nokkuð um bæinn, og var síðan ákveðið að aka til Reynihlíðar í Mývatnssveit. Voru farþegarnir með áfengi með sér í ferðinni. Ók ég sem leið liggur um Kísilveginn og upp á svokallaðan Hólasand. Þegar ég er kominn u. þ. b. miðja vegin milli Geitafells og Reynihlíðar, stökk rolla með tvö lömb upp á vinstri vegarbrún (miðað við mína stefnu) og inn á veginn. Ætlaði ég þá að beygja aftur fyrir hana, en lenti þá í lausamöl og síðan út af veginum vinstra megin. Mun hraðinn á bifreið þá hafa verið ca. 45-50 mílur miðað við klst. Mun bifreiðin hafa „skrensað“ til og runnið því sem næst þversum niður vegkantinn, sem er nokkuð brattur, lent síðan á nokkuð stórum steini, sem var og er þarna við veginn. Fór bifreiðin eina veltu og kom niður á hjólin. Tel ég orsökina fyrir veltunni þá, að bifreiðin lenti á steini þessum. Strax eftir að bifreiðin hafði stöðvast, fór ég út úr henni og athugaði með líðan farþega minna. Voru allir inni í bifreiðinni, nema Dögg, sem kastast hafði út og lá skammt frá henni. Hina tók ég út og hlúði að eftir bestu getu og hljóp síðan í Grímsstaði, sem er 12 km frá slysstaðnum, og fengum

þaðan aðstoð til að komast í símasamband, en við símuðum frá Reynihlíð til sjúkrahússins á Húsavík og fengum sjúkrabifreið þaðan.

Um það bil hálfri klst. síðar kom sjúkrabífr., og fóru Dögg og Gísli með henni til Húsavíkur, en við hin fórum með Hauki Aðalgeirssyni, Grímsstöðum, til Húsavíkur. Vorum við öll tekin til læknismeðferðar nema Hólmfríður, sem var ekið heim til hennar.“

Jón Ásberg Salómonsson skýrir svo frá: „Ég sat hægra megin í aftursæti bifreiðarinnar. Gísli bróðir minn sat vinstra megin, en í miðrið sat Árni. Í framsæti sátu þær Dögg og Hólmfríður, og sat Dögg við dyrnar. Öll vorum við með áfengi meðferðis. Ekki get ég sagt neitt til um ökuhraða bifreiðarinnar né hvernig var ekið, því ég hugsaði ekkert út í það. Gekk ferðin vel, þar til við vorum komin langleiðina til Mývatnssveitar. Fór bifreiðin þá að skrensa á hægri kanti og yfir á vinstri kant og tekur stefnuna út af veginum. Man ég eftir því, þegar bifreiðin fór út af veginum, og svo aftur þegar hún byrjaði að velta, þá fannst mér hún lyftast. Man ég svo ekkert eftir mér fyrr en bifreiðin hafði stöðvast og við lágum í „hrúgu“ í aftursætinu. Fór þá Jón Haraldsson út úr bifreiðinni og aðstoðaði okkur við að komast út. Voru Dögg og Gísli lögð á sandinn skammt frá, og var hlúð að þeim með teppum og því, sem til fannst í bifreiðinni. Biðum við þarna öll, meðan Jón hljóp upp í Grímsstaði að sækja hjálp“

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir segir svo frá í skýrslu sinni: „ . . . Sátu strákarnir í aftursæti, en við Dögg í framsæti. Var ökumaður Jón Haraldsson, Jaðri, Reykjadal. Voru farþegar með áfengi meðferðis, og sá ég á strákunum vín.

Var lagt af stað út úr bænum um kl. 4 og haldið sem leið liggur upp Kísilveg. Var ég öðru hverju að tala við strákana afturí og snéri ég mér þá aftur.

Þegar við erum u. þ. b. miðja vegin milli Geitafells og Reynihlíðar, byrjaði bifreiðin að „skralla“ til á veginum. Ekki tók ég eftir hverju því olli, þar sem ég snéri öfugt í sætinu (var að tala við strákana). Brá mér snögglega við þetta og beygði mig undir mælaborðið. Skrallaði hún að mér fannst stjórnlaust svolitla stund og fann síðan, að hún lyftist og snérist við (valt) og kom niður á hjólin. Er bifreiðin hafði stöðvast, fór ég út úr henni, og tók ég þá eftir, að Dögg var ekki í bifreiðinni. Hafði hún kastast út á leiðinni. Hinir farþegarnir voru í „kös“ í bifreiðinni . . .“

Gísli Salómonsson skýrir svo frá í skýrslu sinni:

„ . . . Er við vorum komin í námunda við stað þann, er bifreiðin valt á, rámar mig í, að ég heyrði grjót kastast upp í bifreiðina, líkast því að hún hefði lent í lausamöl, og síðan man ég ekki neitt, fyrr en ég kom til sjálfs mín, liggjandi á jörðinni, fyrir utan bifreiðina. Ekki veitti ég neina athygli, hvernig bifreiðinni var ekið fyrir slysið, enda var ég mikið undir áhrifum áfengis, og vorum við að drekka í aftursæti bifreiðarinnar, a. m. k. við Árni . . . “

Dögg Káradóttir skýrir svo frá:

„ . . . Um það leyti sem bifreiðin valt, snéri ég mér aftur og var að ræða við þá, sem í aftursætinu voru, og get ég því ekkert sagt til um ökuhraða eða ökumáta bifreiðarstjórans, og ekki get ég sagt neitt, hvað slysinu olli, ekki tók ég eftir neinni kind eða lömbum á veginum, hvorki fyrir né eftir slysið. Ég vissi ekkert af mér, fyrr en ég rankaði við mér liggjandi á jörðinni, og hlúðu þá ökumaður og Ásberg að okkur með teppum og jökkum, meðan við biðum eftir, að ökumaðurinn hlypi upp í Grímsstaði til þess að komast í síma og hringja í lækni og sjúkrabifreið.“

Árni Sigtryggsson skýrir svo frá:

„ . . . Sat ég í aftursæti bifreiðarinnar. Var fyrst ekið um bæinn, og síðan var ákveðið að aka upp í Mývatnssveit, og var ekið upp Kísilveginn. Vorum við farþegarnir með áfengi meðferðis, og var ég mikið undir áhrifum þess. Þegar við vorum komin upp í svonefnda sanda, fann ég, að bifreiðin byrjaði að rása til á veginum, og man ég eftir, að ég kastaðist til í bifreiðinni. Eftir þetta man ég ekkert, fyrr en ég ranka við mér utan við bifreiðina, sem stóð nokkuð utan vegar á hjólunum, og var þá ökumaður farinn að sækja aðstoð . . . “

Bifreiðin var skoðuð eftir slysið, og segir svo í vottorði bifreiðaeftirlitsmanns:

„Við skoðun kom í ljós, að bifreiðin er gjörónýt. Við slysið hefur ein felga rifnað, en að öðru leyti er ekki hægt að skoða bifreiðina í því standi, sem hún er í.

Bifreiðin var færð til skoðunar 2. júní 1972, en fékk ekki fullnaðar skoðun vegna ljósabúnaðar, hliðarrúðu og flautu.

Stýris- og hemlabúnaður bifreiðarinnar reyndist þá í fullkomnu lagi.“

Rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi styður stefnukröfur sínar eftirfarandi rökum í stefnu og greinargerð: „Ekið var til Húsavíkur og því næst áleiðis upp

til Mývatnssveitar. Þá voru farþegar auk þeirra, sem slösuðust, Árni Sigtryggsson, Hólabraut 31, Skagaströnd, og Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Garðarsbraut 61, Húsavík. Karlfarþegar voru annað hvort við áfengisdrykkju eða miður sín vegna ofneyslu. Ökumaður er því einn til frásagnar um tildrög slyssins. Lögreglan, sem gerði vettvangsathugun, segir bifreiðina hafa farið út af vegi til suðurs á hæð og af víðri beygju til hægri miðað við akstursstefnu. Vegbrún er allhá, en aflíðandi. Hafði bifreiðin runnið skáhallt niður vegbrúnina, lent á stórum steini og oltið og hafnað á hjólunum. Yfirborð vegarins er talið malborið, laust og fast, en óslétt.

Gerður var uppdráttur af vettvangi, og mælist leiðin, sem bifreiðin rann utan vegar, áður en hún hafnaði á steininum og valt, um 60-70 m. Utan vegar er sandur. Stefnandi telur, að ökumaðurinn, stefndi Jón Einar, hafi sýnt vítavert gáleysi í akstri. Hann hafi ekið of hratt, eða með um 72.5-80.5 km. hraða miðað við klst. Þá er á slysstað hæð og beygja og aðstæður slæmar s. s. lausamöl . . .

Tjón umbj. m., er það, að hann var frá vinnu frá slysdegi til 12. september 1972. Samkvæmt vottorði Trésmiðjunnar Borgar h.f., sem lagt er fram í málinu, nam atvinnutekjutjón hans á þessu tímabili kr. 180.635.00, og er þá miðað við tekjur samstarfsmanna hans. Upp í það tjón hefur hann fengið greidda slysadagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 23.800.00. Þá á hann kröfu á bótum fyrir miska. Bætur fyrir tjón þetta eru áætlaðar kr. 150.000.00, og er sú upphæð síst ofætluð.

Umbj. m., heldur því fram, að ökumaður bifreiðarinnar, Jón Einar, beri alla ábyrgð á slysinu. Hann hafi ekið of hratt og gáleysislega miðað við aðstæður. Komi það fram, ef litið er til þeirrar vegalengdar, sem bifreiðin rann utan vegar, eða ca. 70 m, þar til hún rakst á stein, og varð af mikið högg, og valt síðan. Akstursmáti Jóns Einars hafi því brotið í bága við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 49. gr. og 50. gr. umfl. og beri hann því fóbótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Fébótaábyrgð stefnda Jóns Ásbergs byggist á hinni objectivu skaðabótaábyrgð 67. og 69. gr. umferðarlaganna.

Váttryggjandi bifreiðarinnar er Sjóváttryggingarfélag Íslands h.f., og er máli þessu jafnframt beint til þess félags samkvæmt 2. mgr. 74. gr. umferðarlaganna.“

Rökstuðningur stefndu í greinargerð er m. a. svohljóðandi:

„Á leiðinni upp í Grjótagjá gerðist það svo, að bifreiðin fór út

af veginum, en stefndi Jón Einar hafði tekið að sér stjórn hennar sakir ölvunar eigandans. Óhjákvæmilegt er að leggja frásögn stefnda Jóns Einars til grundvallar um aðdraganda óhappsins, þar sem aðrir þátttakendur í næturferðinni voru undir áhrifum áfengis og þess vegna ekki dómbærir um það, sem gerðist, og enda með hugann við annað.

Stefndi Jón kveðst hafa ekið með um 45-50 mílna hraða á klukkustund, eða á venjulegum þjóðvegahraða við góðar aðstæður, eins og þarna voru. Skyndilega stökk ær með tvö lömb í veg fyrir bifreiðina, og ætlaði Jón Einar að beygja aftur fyrir hana, en bifreiðin lenti þá í lausamöl og út af veginum, svo sem nánar er lýst í framburði hans hjá lögreglu og fyrir sakadómi á dómskj. 5, sbr. og uppdrátt og ljósmyndir.“

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda Jóni á því, að hann hafi ekið of hratt og gáleysislega miðað við aðstæður og brotið gegn nokkrum ákvæðum umferðarlaga. Þessu er alfarið mótmælt og því haldið fram, að líta verði á það sem óhappatilviljun, að bifreiðin fór þarna út af, sem engum verði um kennt. Á það er bent, að stefnandi greiddi ekki fyrir far sitt með bifreiðinni, og kemur objektivt bótaábyrgð því ekki til greina hér. Í þessu sambandi er rétt að vitna til dóms Hæstaréttar 5. júní 1972 í málinu nr. 140/1971, XLIII. bindi, bls. 504.

Því er enn fremur haldið fram, að til þess að leggja megi bótaábyrgð á ökumann bifreiðar gagnvart farþegum hans án greiðslu þurfi til að koma mjög stórkostlegt gáleysi af hans hálfu, sem um leið mundi veita váttryggjanda bifreiðarinnar endurkröfurétt á hendur ökumanninum fyrir greiddum skaðabótum.

Kröfum á hendur stefnda Jóni Ásberg er andmælt með sömu rökum og gagnvart Jóni Einari, en eins og áður greinir, á objektíva ábyrgðarreglan ekki við hér og bótaábyrgð verður því aðeins lögð á eiganda ökutækis, að ökumaður beri einnig ábyrgð.

Enn er því haldið fram, að með þátttöku sinni í ökuferðinni við þær aðstæður, sem þarna voru, hafi stefnandi fyrirgert bótarétti, jafnvel þótt eitthvað bæri út af.

Stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f verður því aðeins dæmdur til greiðslu bóta í þessu máli, að bótaábyrgð verði lögð á annan hvorn hinna fyrr nefndu, stefnda Jón Einar eða stefnda Jón Ásberg.

Ef til þess kemur, að félagið þurfi að greiða bætur í máli þessu þeirra vegna, er af þess hálfu gerður áskilnaður um endurkröfurétt úr þeirra hendi eftir því sem lög standa til. Kröfugerð

stefnanda er mótmælt sem of hárrí. Miða ber við mánaðarkaup stefnanda, en ekki uppmælingarvinnu, sem alveg er óvíst, að eins hefði komið út með stefnanda sem þátttakanda.

Lækka ber bætur samkvæmt dómvenju vegna skattfrelsis o. fl. Miskabótakrafa er allt of há og í ósamræmi við vaju.

Niðurstaða.

Eins og að framan hefur verið rakið og fram kemur á lögreglu-uppdrætti, skeður slysið á 7 m breiðum vegi í víðri beygju til hægri. Af vettvangsuppdrætti verður og ráðið, að bifreiðin hafi runnið, eftir að hún fór út af veginum, um 60 m, áður en hún lenti á steininum og valt, og er það álit dómarsins, að þetta hefði ekki getað skeð, nema bifreiðinni hafi verið ekið á mikilli ferð.

Eins og fram hefur komið, viðurkenndi ökumaðurinn að hafa ekið á ca. 40-50 mílna hraða (þ. e. 72.5-80.5 km hraða), um það bil er slysið varð.

Þegar þetta allt er virt svo og skemmdir á bifreiðinni og ummerki á slysstað, þá þykir í ljós leitt, að ökumaður, stefndi Jón Einar Haraldsson, hafi ekið óhæfilega hratt og ekki gætt nægilegrar varkárni í akstrinum í umrætt sinn miðað við aðstæður, og er líklegt, að ökumanninum hafi fatast stjórnin verulega. Ber hann því fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna slyssins. Jón Ásberg Salómonsson var eigandi bifreiðarinnar, og ber hann jafnframt fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna umrædds slyss ásamt vátryggjanda bifreiðarinnar, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, sem einnig hefur verið stefnt í máli þessu til greiðslu bóta samkvæmt heimild í 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

BÓTAKRÖFUR.

Í læknisvottorði I. Hj. læknis, dags. 7. júlí 1972, segir svo: „Ofangreindur Gísli Salómonsson var lagður inn á Sjúkrahúsið á Húsavík að morgni sunnudags 11/6 1972 eftir að hafa lent í bílveltu þá um morguninn, verið sóttur í sjúkrahúsið upp á Hólasand. Sj. hafði ekki misst meðvitund, komist sjálfkrafa út úr bílnum, en var mjög illa haldinn af óþæg. í ofanverðu baki, hægri öxl og h. handlegg. Sj. mun nokkuð hafa verið undir áhrifum áfengis, ekki var hann með neina teljandi ytri áverka. Sj. lá á Sjúkrahúsinu á Húsavík frá 11/6 1972 til 19/6 1972. Við rannsóknir hér hefur komið í ljós, að sj. er með brot í 7. hálslið, hefur eink. um sköddun á taugarótum eða mænu, þannig að hann er með dofa fram í 2 fingur hægri handar, verk niður í bak hægra

megin, hægri öxl og hægri handlegg. Sj. er meðhöndlaður með hálskraga, hefur fyrirsmæli um að fara mjög varlega með sig, forðast alla áreynslu og getur ekki stundað vinnu.

Röntgenmyndir af hálsliðum voru sendar sérfræðingum á Bæklunardeild Landspítalans, og skv. ráðleggingum þeirra á sj. að meðhöndlast óbreytt, þ. e. með hálskraga og forðast hreyfingar á háls eða áreynslu. Þessari meðferð haldið óbr. í 3 mán. frá því sj. varð fyrir slysinu, nema óvænt eða ný eink. komi fram. Að þeim tíma liðnum er sj. ætlað að fara í eftirlitsskoðun, þar sem skorið verði úr, hvort þessi meðferð hefur haft tilætlaðan árangur eða hvort grípa þurfi til frekari aðgerða, og getur þá skurðaðgerð komið til greina. Sj. verður áfram undir reglulegu eftirliti.“

Í vottorði sama læknis, dags. 20. september 1972, segir svo m. a.:

„Í samráði við sérfræðinga á Bæklunardeild Landspítalans var sj. meðhöndlaður með hálskraga í 3 mán. Hafði fyrirsmæli um að fara varlega og forðast alla áreynslu. Þannig gat hann ekki stundað vinnu, meðan á meðferð þessari stóð. Hálskragi var fjarlægður þann 12/9 1972. Við skoðun kom í ljós, að maðurinn hafði áfram dofa fram í 3 fingur h. handar, litlafingur, vísifingur og litilsháttar í löngutöng, en önnur subjective einkenni frá slysinu virðast gengin til baka. Í samráði við Höskuld Baldursson, sérfræðing á Bæklunardeild Landspítalans, er hálskragi nú fjarlægður, sj. ráðlagt að hefja vinnu, en vera áfram undir eftirliti. Ekki er ljóst á þessu stigi málsins, hvort frekari læknisáðgerða er þörf vegna framangreinds dofa, sem sj. hefur enn, og er hann því undir eftirliti enn um sinn.

Læknisvottorð þetta er samhljóða áverkavottorði, útg. 7/7 '72 til bæjarfógetans á Húsavík, þó að þeim upplýsingum viðbættum, sem tilfærðar eru eftir þann tíma.“

Kröfur stefnanda eru þannig sundurliðaðar:

1. Atvinnutjón	kr. 180.635.00
Frá dragast slysadagpeningar frá Trygginga-	
stofnun ríkisins	kr. 23.800.00
	Mismunur kr. 156.835.00
2. Bætur fyrir óþægindi og sársauka	kr. 150.000.00
	Samtals kr. 306.835.00

Um kröfulið 1.

Stefndu hafa mótmælt kröfugerð þessari sem of hárri.

Frammi liggur í málinu yfirlýsing frá Trésmiðjunni Borg h/f, dags. 17. október 1972, þar sem stefnandi vann, er hann varð fyrir slysinu.

Í vottorði þessu segir svo:

„Það vottast hér með, að Gísli Salómonsson, Laugarbrekku 8, Húsavík, hafði í mánaðarlaun í maí þ. ár kr. 33.460.-.

Það vottast enn fremur, að á þeim tíma, sem Gísli var frá vinnu, höfðu trésmiðir í kaup kr. 180.635.- vegna mikillar uppmælingavinnu.“

Umboðsmaður stefndu lýsti því yfir, að miða bæri við mánaðar- arkaup stefnanda, en ekki uppmælingarvinnu, sem alveg er óvíst, að eins hefði komið út með stefnanda sem þátttakanda.

Lækka bæri bætur samkvæmt dómvenju vegna skattfrelsis og fl. Gegn mótmælum er því þessi kröfuliður (þ. e. vegna uppmælingarvinnu) eigi studdur fullnægjandi gögnum. En viðurkennt er, að stefnandi hafi orðið að hætta vinnu í 3 mánuði eftir slysið. Mánaðarlaun hans voru kr. 33.460.00, og bætur samkvæmt þessum lið verða því kr. 100.380.00.

Um 2. kröfulið.

Þessum kröfulið hefur verið mótmælt af hálfu stefndu sem allt of háum.

Sjúkrasaga stefnanda hefur verið rakin í vottorðum Ingimars Hjálmarssonar lækni hér að framan. Samkvæmt henni og öðru því, sem þykir skipta máli, þykir hæfilegt að meta stefnanda bætur samkvæmt þessum lið kr. 50.000.00. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 150.380.00 (100.380.00 + 50.000.00), sem stefndu ber óskipt að greiða stefnanda ásamt 7% ársvöxtum frá 11. júní til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Einar Haraldsson, Salómon Erlendsson fyrir hönd ólöggráða sonar síns, Jóns Ásbergs Salómonssonar, og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Gísla Salómonssyni, kr. 150.380.00 með 7% ársvöxtum frá 11. júní 1972 til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.